

## Menn ársins 2008

### - OKKAR MENN



Árni Oddur Þórðarson, stjórnarformaður Marel og forstjóri Eyris - viðskiptamaður ársins hjá Viðskiptablaðinu

Menn ársins í vali viðskiptafjölmíðla tengjast að þessu sinni allir iðnaði. Árni Oddur, Jón og Rannveig urðu fyrir valinu meðal annars fyrir að hafa stýrt fyrirtækjunum Marel, Össur, álverinu í Straumsvík og Eyri Invest einstaklega vel. Kaup Marel á Stork Food Systems þykja þau bestu á árinu. Marel er nú í ákjósanlegri stöðu sem stærsta fyrirtæki heims í gerð hátæknilausna fyrir fisk-, kjöt og kjúklingaiðnað og Össur er leiðandi á heimsvísu sem stoðtækjaframleiðandi. Miklir leiðtogahæfileikar Rannveigar og hæfni við reksturinn í Straumsvík þóttu eftirtektarverð, auk frumkvöðlastarfs á sviði menntunar í stóriðju og langvarandi forystu í málefnum kvenna í atvinnulífinu. Marel og Össur, sem Eyri Invest, er kjölfestufjórðingin í hafa staðið sterk í efnahagslægðinni og áhrif hennar hafa ekki haft jafnmikil áhrif á verðmæti þeirra og önnur íslensk fyrirtæki.

Eyri Invest og þau fyrirtæki sem fjórðingarfélagið hefur einbeitt sér að, hafa vaxið síðustu ár í samræmi við stefnu og tryggt sér góða langtímafjármögnun. Össur og Marel hafa sýnt bætt-

an rekstrarárangur í síðustu uppgjörum eftir að stjórnendur færðu fókussinn á aukið rekstrarhagræði og innri vöxt eftir tímabil mikils vaxtar með yfirtökum.

Þegar Rannveig Rist hætti að lítast á blikuna í efnahagsmálum síðastliðið vor greiddi hún upp allar skuldir álversins. Frá því hún tók við stjórnartaumunum árið 1996 hefur álverið verið rekið með hagnaði, en það greiðir fyrir eigin fram-



Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar - maður ársins í viðskiptalífinu hjá Markaði Fréttablaðsins

kvæmdir sjálf og veltir kostnaði ekki yfir á móðurfélagið.

Í uppbyggingu Össurar lagði Jón áherslu á gildi og hugmyndafræði sem færi saman við árangur og viðleitni til að láta gott af sér leiða. Langtímaárangur skipti fyrirtækið mestu máli. Íslenska krónan er að mati Jóns einn helsti ásteytingarsteininn í að skapa fyrirtækjum með alþjóðlegan rekstur ásætlanlegt rekstrarumhverfi hér á landi. Erfitt verði að fá erlenda fjárfesta hingað til lands án stefnumótunar til framtíðar, eins og ákvörðun um að taka upp evru og ganga í Evrópusambandið.

Árni Oddur telur Ísland geta staðið sem eitt af sterkustu og sveigjanlegustu hagkerfum Vesturlanda eftir nokkur ár.



Rannveig Rist, forstjóri Alcan á Íslandi - maður ársins í íslensku atvinnulífi hjá Frjálsri verslun

Mikil verðmæti séu fólgin í náttúruauðlindum á landi og í sjó, mannauði og vel menntaðri þjóð. Nú sé mikilvægast að útflutningur vaxi hraðar en innflutningur. Hlúa þurfi að verðmætasköpun og styðja við rannsóknar- og þróunarstarf. Þá sé brýnt að skýra stöðu bankakerfisins og endurreisa traust á getu þjóðarinnar til þess að standa við skuldbindingar okkar. Umsókn um ESB samhlíða því að þjóðin einhendir sér í að uppfylla skilyrði fyrir upptöku evru, m.a. um verðbólgu og skuldastöðu ríkissjóðs, mun auka verulega trúverðugleika og hjálpa til við endurreisn efnahagslífsins. Kostnaður við að halda úti örmyntinni okkar er allt of hár til langframa til samanburðar við hugsanlegan ávinning. „Næstu 2-3 árin verða erfið en nú er ekki rétti tíminn fyrir skammtímalausnir“.

## IÐNÞING 2009

verður haldið á  
Grand Hótel Reykjavík  
fimmtudaginn 5. mars nk.

bls. 3

Menntadagur iðnaðarins 2009  
Mannaður  
í mótbyr

bls. 5

Ráðstefnan  
Björt framtíð málm-  
og véltækniíðnaðar á  
Íslandi ef...

bls. 7



Efnahags-  
lægðin nú  
minni en  
1968

bls. 10



Stuðningur  
við álver fer  
vaxandi

bls. 12



Útböðsþing  
Verklegar  
framkvæmdir 2009

# Framtíðin ræðst af verkum dagsins



**Jón Steindór Valdimarsson**  
frankvæmdastjóri SI

Okkur er tamt að velta fyrir okkur hvað framtíðin ber í skauti sér en ekki síður að líta yfir farinn veg. Óhætt er að segja að nú sé ærin ástæða til þess að líta til baka enda blasir við að ekki hefur verið haldið rétt á spilunum. Þá gildir einu þó deilt sé um hve stór hluti okkar ófara er heimatilbúinn eða af völdum ytri aðstæðna. Af fortíðinni verðum við að læra og gera það sem unnt er til þess að endurtaka ekki þau mistök sem leidd verða í ljós. Samtímis verðum við að huga að framtíðinni, marka okkur framtíðarsýn og hefjast strax handa við að vinna þau verkefni sem færa okkur nær því markmiði. Við þurfum því í senn að horfa til baka og fram á við en mikilvægast er þó að vinna verkefni dagsins því leysum við þau ekki farsælega verða hinir þættirnir tveir að engu gagni.

## Reisum nýtt og betra

Við verðum að vita hvaðan við erum að koma, hvar við erum og hvert við ætlum. Samþætting þessara þátta felur í sér lykilinn að farsæld okkar. Því fyrr sem við sameinumst um að taka málin þessum tókum því betra. Við eigum ekki að láta okkur nægja að sigrast á kreppunni heldur nota tækifærið og byggja upp betra, þróttmeira og heilbrigðara samfélag og atvinnulíf en áður. Atvinnulífið á að vera eins fjölbreytt og unnt er og þar á að forðast allt sem heitir einfaldar, einhæfar skyndilausnir sem leysa eiga allan vanda. Verðmætasköpun, atvinna, jafnt og sjálfbær vöxtur eiga að vera leiðarljós atvinnulífsins og hafa má í huga að góðir hlutir gerast jafnan hægt.

## Afl þess sem gera þarf

Það eru gömul sannindi og ný að peningar eru afl þess sem gera þarf. Atvinnulífið hefur orðið fyrir miklum skakkaföllum. Skrúfast hefur fyrir aðgang að fé, eftirspurn dregist saman, verðbólga rokið upp, erlendar og innlendar skuldir bólgna, eignir rýrna og vextir eru svimandi háir. Engin fyrirtæki lifa til lengdar í slíku rekstrarumhverfi. Það er óumflýjanlegt að mörg fyrirtæki munu fara í þrot eða neyðast til þess að draga saman seglin. Við þurfum að horfast í augu við þann bitra sannleik. Hitt megum við ekki láta gerast að lífvænleg fyrirtæki sem hafa komist í vanda eða fyrirtæki sem þrátt fyrir allt hefur tekist að halda sjó komist í þrot.

## Hin leiðin drepur

Það verður að vera forgangsverkefni næstu daga og vikna að koma því í kring að vextir taki að lækka hratt og örugglega. Þá verður að koma fjármögnun nýju ríkisbankanna þriggja

og efnahag á hreint til þess að þeir geti sinnt fyrirtækjum sem bíða ákvarðana þeirra um fyrirgreiðslu. Vaxtamunur milli Íslands og annarra ríkja hefur um langa hríð verið nánast óbærilegur en á síðustu mánuðum hefur algjörlega keyrt um þverbak. Vaxtamunur hefur aldrei verið meiri og það á sama tíma og algerlega er útilokað fyrir íslensk fyrirtæki að taka lán í útlöndum. Hér verður að snúa við blaðinu án tafar. Óttist menn að gengi krónunnar falli ef vextir lækka verður að takast á við þann vanda með því að halda ströngum gjalddeyrishöftum þar til tekst að semja við eigendur þess mikla fjármagns sem hér er innilokað. Hér er ekki hægt að gera hvoru tveggja í senn að takmarka viðskipti með gjalddeyrinn og halda uppi ofurvöxtum. Af tvennu illu er betra að halda gjalddeyrishöftum - hin leiðin drepur atvinnulífið.

## Frumtak

Loksins er í höfn mikilvægt mál sem Samtök iðnaðarins hafa beitt sér fyrir á liðnum árum. Fjárfestingarsjóðurinn Frumtak er loks fullskapaður og tekur til óspilltra málaanna við að fjárfesta í vænlegum nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum. Hann hefur rúma fjóra milljarða króna til þess að leggja í fyrirtæki á næstu árum. Frumtak er samvinnuverkefni Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, nýju bankanna þriggja og nokkurra öflugustu lífeyrissjóða landsins. Það er afrek útaf fyrir sig að tekist hafi að ljúka þessu verkefni við núverandi aðstæður. Þar réði úrslitum einbeittur vilji allra þeirra sem að stóðu. Þar átti iðnaðarráðherra, Össur Skarphéðinsson, ekki ódrjúgan hlut að máli.

## Fólk ársins í viðskiptalífinu

Samtökum iðnaðarins er það gleðiefni að fólk sem stýrir fyrirtækjum úr þeirra röðum varð fyrir valinu sem fólk ársins í viðskiptalífinu, Árni Oddur Þórðarson, Jón Sigurðsson og Rannveig Rist. Þau er öll vel að sinni viðurkenningu komin og fara fremst í flokki í liðsheildum Marel's, Össurar og Alcans á Íslandi. Allt eru þetta vel rekin og framsækin fyrirtæki með fróðlega uppbyggingarsögu. Öll eiga þau það sammerkt að stjórnendur þeirra hafa ríkan skilning á viðfangsefninu og kunna þá list að flétta saman reynslu fortíðar, verkefni dagsins og hafa um leið sterka framtíðarsýn. Þá má ætla að val þessa fólks sé vísbending um að við munum í framtíðinni byggja atvinnulíf okkar á traustum framsæknum iðnfyrirtækjum sem fást við flókna framleiðslu byggða á mannaúdi og hátækni. Fyrirtækjum undir stjórn fólks sem sættir sig ekki við neitt annað en vera í fararbroddi á sínu sviði.

**Menntadagur iðnaðarins  
2009**

# Mannauður í mótbyr

**Miðvikudaginn 11. febrúar kl.**

**09:00** verður Menntadagur iðnaðarins haldinn á Grand Hótel Reykjavík. Til umfjöllunar verður mannaúður í mótbyr. Helgi Magnússon, formaður SI, og borgarður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra, ávarpa þingið.

Jón Steindór, framkvæmdastjóri SI, fjallar um verkefni á sviði menntunar og nýsköpunar. Gunnar Guðni Tómasson, forseti Tækni- og verkfræðideildar HR, fjallar um þróun tæknimenntunar á háskólastigi og Jón Þór Ólafsson, framkvæmdastjóri Marel, og Ingibjörg Óðinsdóttir, mannaúðsstjóri SKÝRR, greina frá þróun mannaúðs í fyrirtækjum sínum.

Málþingið er opið meðan húsrúm leyfir og aðgangur er gjaldfrjálss. Starfsmannastjórum hjá fyrirtækjum SI er sérstaklega boðið sem og þeim sem starfa að mennta- og mannaúðsmálum í atvinnulífinu.

**Skráning fer fram á  
mottaka@si.is.**

## Íslenskur iðnaður

Fréttablað Samtaka iðnaðarins  
01. tbl. 15. árg. Janúar 2009  
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmíðju: 16.01.2009  
Prentvinnsla: Prenttækni hf.  
Plaströkkun: Iðjuberg  
Ljósmyndir: Odd Stefán,  
Útgefandi: Samtök iðnaðarins, Borgartúni 35,  
105 Reykjavík, sími: 591 0100, fax: 591 0101  
Kennitala: 511093-2019  
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is  
Ábyrgðarmaður: Jón Steindór Valdimarsson  
Ritstjóri/efnisöflun: Sigríður Guðlaugsdóttir  
Prófarkalestur: Rakel Pálsdóttir og Sigríður  
Guðlaugsdóttir  
Umbrot: Þóra Ólafsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.

# IÐNÞING 2009

**Verður haldið fimmtudaginn 5. mars á  
Grand Hótel Reykjavík**

## KOSNINGAR

Í tengslum við Iðnþing fer að venju fram kosning til stjórnar Samtaka iðnaðarins og valdir eru fulltrúar í fulltrúaráð Samtaka atvinnulífsins.

Formaður er kjörinn til árs í senn. Núverandi formaður er Helgi Magnússon og gefur hann kost á sér til endurkjörs.

Að þessu sinni ganga fjórir úr stjórn, Aðalheiður Héðinsdóttir Kaffitári ehf., Loftur Árnason Ístaki hf., og Tómas Már Sigurðsson Alcoa Fjarðaáli sem gefa öll kost á sér til endurkjörs. Sigurður Bragi Guðmundsson hefur setið sex ár samfleytt í stjórninni og er því ekki lengur kjörgengur samkvæmt lögum SI.

Þeir sex, sem næst eru því að ná kjöri í stjórn, taka sæti í ráðgjafaráði SI skv. 9. grein.

Í fulltrúaráði SA eiga sæti 100 fulltrúar og þar af hefur SI nú 30.

Gera má ráð fyrir að fjöldi þeirra verði svipaður að þessu sinni.

Óskað er eftir tilnefningum til þessara trúnaðarstarfa og þurfa þær að hafa borist eigi síðar en 6. febrúar nk. til skrifstofu Samtaka iðnaðarins.

## AÐALFUNDUR

Hefðbundin aðalfundarstörf fara fram fyrir hádegi. Að þeim loknum er hádegisverður.

## IÐNÞING

Yfirskrift Iðnþings að þessu sinni er:

### Vöxtur og verðmæti - Mótum eigin framtíð

Dagskráin er að öðru leyti í undirbúningi og verður kynnt um leið og hún er frágengin.



## Framboð til stjórnar

**Andri Þór Guðmundsson** forstjóri Ölgerðarinnar ehf. hefur þegar tilkynnt að hann gefi kost á sér til setu í stjórn Samtaka iðnaðarins. Minnt er á að framboðsfrestur rennur út 6. febrúar, sbr. auglýsingu hér að ofan.



## Óvissa verst

**Óvissa** með aðgerðir ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum er versta staðan fyrir fyrirtæki sem eru að íhuga að draga saman í rekstri sagði Jón Steindór framkvæmdastjóri SI í Morgunútvarpi Rásar 1. Hann sagði horfur ekki góðar, og á meðan ekki væri tilkynnt um ákveðnar framkvæmdir yrði það til þess að sumir verktakar íhuguðu að selja vinnuvélar úr landi og segja upp fólki, sem þeir hefðu kannski ekki gert væru einhver verkefni framundan. „Við vitum að eitthvað verður gert en stjórnvöld segja ekki hvað.“

Friðrik Arngrímsson framkvæmdastjóri LÍÚ sagði í þættinum að afar mikilvægt væri að skuldugum fyrirtækjum um yrði gert kleift að standa undir skuldum og hafa fólk í vinnu. Hann spáði því að sagan myndi flokka þá hávaxtastefnu sem hér hafi verið rekin sem mestu hagstjórnarmistök sögunnar. Ótti væri uppi um að veikt gengi muni festast í sessi og verða til þess að fyrirtækjum og einstaklinum blæddi út.

Jón Steindór lagði áherslu á nauðsyn þess að ná samkomulagi við eigendur krónu- og jöklabréfa auk annarra lána-drottna. Það væri mikið áhyggjuefni og semja þurfi um lausn og skipuleggja greiðslur.

LÍÚ hafa skorað á stjórnvöld að taka upp erlenda mynt einhliða. Friðrik sagði óstöðugleika krónunnar ekki nýjan af nálinni. Auk þess hafi háir vextir orðið til þess að menn hafi velt þessu fyrir sér áður.



Dina Grube, Viðskiptaskrifstofu Lettlands í Noregi, Mairita Coneva og Juris Vanags, Samtök líftæknifyrirtækja í Lettlandi og Malvine Ivane frá fyrirtækinu Daga

## Stefnumót við líftæknifyrirtæki

**Hópur** fyrirtækja frá Lettlandi gerði sér ferð til Íslands á dögnum til að kynna hólendur líftæknifyrirtækjum og öðrum sem gætu haft gagn af samstarfi við þau.

Á fundi sem SÍL bauð til með gestunum kom fram að í Lettlandi er fjölbreytt starfsemi líftæknifyrirtækja sem byggir á gömlum grunni, þó samtök líftæknifyrirtækja séu ung, stofnuð árið 2006.

Líftækni hefur verið skilgreind sem ein af höfuðatvinnugreinum Lettlands og stefnumótum greinarinnar er í samræmi við rannsóknar- og menntunarfestu. Lettar eru sterkir í rannsóknum og framleiðslu á mörgum sviðum og má þar nefna lyfjafræði, matvæli, landbúnað og orkutækni. Þá er sterk samvinna við önnur Evrópulönd, einkum Norðurlönd.

Reynsla Íslendinga af starfsemi í Lett-

landi er með ágætum. Fram kom á fundinum að íslenskir rannsóknarmenn gefa tækjabúnaði frá Lettlandi góð meðmæli. Mikill áhugi var á samstarfi milli lettneskra og íslenskra fyrirtækja og samstarfsfletir víða. Lettar hafa meðal annars áhuga á að byggja upp sterkari þekkingu og iðnað á sviði sjávarlíftækni og telja sig geta lært af Íslendingum á því sviði.

## Fylgjendum aðildarviðræðna við ESB fjölgar

**Kannanir** Capacent Gallup fyrir Samtök iðnaðarins halda áfram að sýna að mikill meirihluti þjóðarinnar er hlýntur því að teknar verði upp aðildarviðræður við Evrópusambandið. Þannig voru rúmlega 64% fylgjandi því í könnun nóvembermánaðar, en 65,5% í desemberkönnun. Andvígir í nóvember voru tæp 24% en 20% í desember. Síðastliðin fimm ár sýna kannanir að meirihluti vill fara í aðildarviðræður.

Þeim sem eru óvissir með að taka upp evru í stað krónunnar fjölgaði milli mánaða. Í nóvember vildi metfjöldi taka upp evru miðað við kannanir SI þegar 68% voru jákvæðir á meðan 14% voru óákveðnir. Í desember vildu hins vegar 62,5% taka upp evru þegar tæplega 20% voru óákveðnir. Þeim sem eru andvígir evru fækkaði milli mánaða úr 18% í 17,6%.

Capacent Gallup hefur frá því í maí á síðasta ári gert mánaðarlegar netkannanir fyrir Samtökin um viðhorf almennings til Evrópusambandsins. Kannanirnar er að finna í heild sinni á vefsetri SI [www.si.is](http://www.si.is).



## Óskiljanleg ákvörðun að hækka raforku

**Samtök iðnaðarins** mótmæla harðlega hækkingunum á verði fyrir dreifingu og flutning á raforku nú um áramótin.

Það sé óskiljanlegt að opinbert fyrirtæki eins og RARIK hækki gjaldskrá sína um 15%.

Ekki sé ásættanlegt að opinber fyrirtæki gangi fram fyrir skjöldu og hækki verð á nauðsynlegum aðföngum fyrirtækja og einstaklinga á sama tíma og flest fyrirtæki þurfi að skera niður rekstur sinn og mörg hver að segja upp fólki. Dreifing og flutningur á raforku er sérleyfisstarfsemi sem rekin er af opinberum aðilum og eru orkufyrirtækin í þeirri aðstöðu að geta varpað kostnaðarauka beint inn í vöruverð. Raforka er undirstaða ýmissar framleiðslu hólendis. Við ríkjandi aðstæður verður að krefjast þess að opinber fyrirtæki finni aðrar leiðir til þess að ná tókum á rekstri sínum en með því að hækka verðskrá.

## Ráðstefnan

# Björt framtíð málm- og véltækni- iðnaðar á Íslandi ef .....

Verður haldin á Grand Hótel Reykjavík 31. janúar

Farið verður yfir starfsumhverfi greinarinnar, verkefni, menntun,  
sóknarhug og framtíðarsýn.

Fjöldi erinda verður á ráðstefnunni.

Nánari upplýsingar er að finna á vef Samtaka iðnaðarins.  
Ráðstefnustjóri er Brynjar Haraldsson, formaður MÁLMS.

Ráðstefnan hefst kl. 10.00 og lýkur kl. 16.00.



Samtök iðnaðarins - [www.si.is](http://www.si.is)



## Borgin samþykkir að verðtryggja verksamninga

**Borgarráð** samþykkti að gera samkomulag við Samtök iðnaðarins fyrir hönd verktaka og greiða verðbætur vegna óverðtryggðra verksamninga.

Um árabíl hafa verksamningar sem gerðir eru til lengri tíma en til eins árs verið verðbættir. Þannig var það líka í upphafi árs þegar Reykjavíkurborg bauð út framkvæmdir ársins. Síðan reið yfir holskefla hækkanu á hráefni og aðföngum til mannvirkjagerðar. Nánast öll hráefni á erlendum mörkuðum hækkuðu eins og timbur, stál, málmar og lagnaefni að ónefndri olíu. Hækkunin var nær linnulaus á fyrrihluta ársins og allt fram á haust. Til viðbótar lækkaði gengi íslensku krónunnar um 25% fyrir páska. Gengisrunið í haust hafði einnig mjög alvarleg áhrif á þessa verksamninga.

Forsendur sem verktakar höfðu gefið sér þegar þeir reiknuðu tilboð sín á vordögum voru brostnar og engin leið eða sanngirni að krefja þá um að standa við samninga. Til að mæta þessum ófyrirséðu áföllum hefur verið unnið að samkomulagi sem bætir verktökunum þessar hækkanir að hluta.

„Við fögnum þessari afstöðu borgarinnar við sanngjarnri kröfu verktaka,“ segir Árni Jóhannsson forstöðumaður mannvirkjasviðs SI. Staða verktaka hafi verið afleit vegna þessara ófyrirséðu hækkana og ekki hafi verið sanngjarnt að verktakar hafi einir átt að standa undir þeim.

Í byrjun sumars tóku Vegagerðin og Siglingastofnun upp verðtryggingu allra verksamninga.


## Jafnræðis verður að gæta

**Rekstrarerfiðleikar** og mikil skuldsetning blasir við stórum hluta atvinnulífsins. Þessir þættir hafa magnast um allan helming eftir hrun íslenska bankakerfisins, fall íslensku krónunnar, hækkun vaxta og samdráttar innlands sem utan. Þetta segir Jón Steindór, framkvæmdastjóri SI. „Því verður ekki unað ef í ljós koma tilburðir í þá átt að afgangi vanda einnar atvinnugreinar eða einstakra fyrirtækja með öðrum hætti eða á kostnað annarra. Hér verða allir að sitja við sama borð.“

Jón Steindór vísar þarna til orða Árna Johnsen alþingismanns um niðurfellingu skulda útgerðarinnar og fréttaflutnings síðustu vikna af viðræðum LÍÚ við bankana um

framvirka gjaldmiðlasamninga.

„Allt kapp verður að leggja á að við það uppbyggingarstarf sem í hönd fer verði þess gætt að jafnræði sé milli atvinnugreina og fyrirtækja. Stjórnvöld gera þessar kröfur til fjármálafyrirtækja sbr. yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 2. desember um aðgerðir til að bæta rekstrarumhverfi fyrirtækja. Sömu meginsjónarmið hljóta að gilda hjá skilanefndum föllnu bankanna þriggja. Annað er óásættanlegt“ segir Jón Steindór.



Veljum íslenskt  
– okkar hagur!

Samtök iðnaðarins - [www.si.is](http://www.si.is)





## Íslenskt hveiti og bygg á markað

**Kornax og Eyrarbúið** á Þorvaldseyri hafa gert samkomulag um dreifingu, sölu og markaðssetningu á heilhvæiti og byggmjöli frá Þorvaldseyri. Dreifingin mun hefjast um miðjan janúar. Landsamband bakameistara hefur sýnt verkefninu mikinn áhuga og mun bjóða upp á vörur úr byggmjöli.

Sérstök trefjaefni í byggi, svokallaðir beta-glúkanar, geta lækkað kólesteról í blóði og haft áhrif á jafnvægi blóðsykurs. Í byggbrauðum er heildarmagn trefjaefna meira en í öðrum brauðum en neysla Íslendinga á trefjum er ekki talin nægilega mikil. Þá segir í tilkynningunni

að brauðin þyki sérlega bragðgóð. Rannsóknir á byggi til manndis hafa staðið frá árinu 2006. Kornnið hentar vel til brauðgerðar og eykur hollustu brauða. Landbúnaðarháskóli Íslands, Ölgerðin, Myllan og Kornax styrkja verkefnið.

Bygggræktun hófst á Þorvaldseyri árið 1960 og hafa bændurnir þar verið brautryðjendur í ræktun korns hér á landi. Frá árinu 2003 hefur hveitirækt verið stunduð og er ræktunin enn í þróun hvað varðar tækni og heppileg yrki. Þá hefur greinin tekið stórstígu framförum með nýjum tækjakosti og aukinni þekkingu.

## Íslenskur iðnaður spilar mikilvægt hlutverk

„Ég held að í þessari stöðu eigum við engan annan kost en að finna tækifærin og nýta þau í stað þess að velta okkur upp úr erfiðleikum,“ sagði Jón Steindór framkvæmdastjóri SI í viðtali við aukablað Morgunblaðsins, Sóknarfæri. Hann leggur áherslu á mikilvægi innlends iðnaðar í uppbyggingu efnahagslífsins og bendir á þær auðlindir sem við búum að, bæði í mannauð og náttúrunni. Lykilatriði sé að vinna með þau gæði til að komast í gegnum verkefnið.

Innlendur iðnaður hafi sjaldan skipt jafn miklu máli og nú. Hann sjái Íslendingum fyrir varningi sem hægt sé að framleiða hér og skapi gjaldeyri með útflutningi. Fjöldi öflugra iðnfyrirtækja geti staðið undir þessum hlutverkum. Fyrir utan auðlindir á landi og sjó hafi Íslendingar getið sér orð fyrir frumkvöðlaanda. Með góðu mennta- og heilbrigðiskerfi hafi Íslendingar allt til að vinna með sér til framtíðar.

„Þegar hægt er að kaupa íslenskt þá eigum við að gera það – okkar sjálfra vegna,“ segir Jón, en bætir við að auð-

vitað séu Íslendingar líka háðir utanríkisviðskiptum. Við getum ekki framleitt allar vörur sjálf. Hráefni í ýmsan innlendan iðnað komi frá útlöndum. Segja megi að vara sé íslensk þegar einhver virðisauki við framleiðslu hennar hafi orðið til hér á landi. Með því að auka vinnslu hérlendis sé hægt að spara umtalsverðar fjárhæðir og skapa störf, eins og með kaffibrennslu, framleiðslu á bjór og sælgæti. Einstaklingar og fyrirtæki geti gert heilmikið með því að færa slíka vinnslu hingað. Þess vegna séu Samtök iðnaðarins að halda merki íslenskrar framleiðslu á lofti núna. „Sjaldan hefur verið jafn mikið tilefni til átaks í þessum efnum og nú.“

Hann hvetur jafnframt hið opinbera og fyrirtæki til að flýta sér hægt að grípa til



**Samtök iðnaðarins og Háskólinn** á Akureyri hafa gefið út rit um nýliðun sem nefnist **Lengi býr að fyrstu gerð**. Ritið er vefrit og er notkun þess frjáls og án endurgjalds. Höfuðmarkmið þess eru:

- að sýna hve mikilvægt er að taka vel á móti nýju starfsfólki og upplýsa það hratt og vel um hlutverk sitt og gefa því völd í samræmi við það
- að kynna mikilvægi mannauðs-stjórnunar
- að gefa innsýn í hvernig sum íslensk fyrirtæki standa að nýliðun og stjórnun starfsfólks.



Ritið kom út í september rétt um það leyti sem íslenskt samfélag tók skyndilega dýfu sem enn sér ekki fyrir endann á. Ingi Bogi Bogason, forstöðumaður mennta- og mannauðsmála hjá SI, og Ingi Rúnar Eðvarðsson, prófessor í stjórnun við Viðskipta- og raunvísindadeild Háskólans á Akureyri eru höfundar ritsins.



róttækra aðhaldsaðgerða. Það sé mikilvægt að koma í veg fyrir spíraláhrif. Ef allir dragi harkalega saman kalli það á enn meiri ófyrirsjáanleg áhrif. Gera þurfi tæknilega gjaldþrota fyrirtækjum kleift að halda áfram, efla markaðsmál og skapa fleiri störf auk þess að huga að nýsköpun.

„Mjög mikið atvinnuleysi væri það versta sem getur komið fyrir okkur og til að sporna við því verður áhrifaríkast að horfa til greina þar sem tækifærin eru mest.“





## SA beitir sér ekki fyrir ESB aðild og uppjöku evru

**Niðurstöður** könnunar á afstöðu aðildarfyrirtækja Samtaka atvinnulífsins til þess hvort Samtökin eigi að beita sér fyrir aðild að Evrópusambandinu og uppjöku evru voru kynntar í dag. Fram kemur að skoðanir séu mjög skiptar innan samtakanna. Meirihluti fimm aðildarsamtaka SA var fylgjandi en meirihluti í þremur var andvígur. Á þeim grundvelli er staðfest að SA mun ekki beita sér í málinu.

Samtökin verða áfram virk í umræðu um Evrópumál og gæta hagsmuna allra félagsmanna á grundvelli þess að skoðanir séu skiptar um hvort sækja eigi um aðild að ESB eða ekki.

Skoðanakönnunin fór fram dagana 24. nóvember – 5. desember og var send 1.649 félagsmönnum í átta aðildarfélögum SA.

Nánari upplýsingar er að finna í vefsetri Samtaka atvinnulífsins sa.is.

## Fyrirtæki geta gert 2008 upp í erlendri mynt

**Ný lög** sem heimila fyrirtækjum að gera árið upp í erlendri mynt hafa verið samþykkt á Alþingi. Uppfylli fyrirtæki alþjóðlega reikningsskilastaðalinn um annan starfrækslugjaldmiðil en íslensku krónuna, geta þau sótt um heimild ársreikningaskrár um að gera árin 2008 og 2009 upp í erlendri mynt. Umsóknarfrestur er til 30. desember.

Á [www.sa.is](http://www.sa.is) kemur fram að í áliti meirihluta efnahags- og skattanefndar Alþingis segi að í núverandi efnahagsástandi gefi uppgjöf í íslenski mynt ekki skýra mynd af raunverulegri stöðu margra fyrirtækja. Huga verði að breytingum á skilyrðum 8. gr. ársreikningalaga og ekki eigi að túlka greinina þrengra en alþjóðlegur reikningsskilastaðall gefi tilefni til.

Endurskoðunarfyrirtækið Deloitte hefur tekið saman kosti og galla þess að bókhald sé fært yfir í erlenda mynt.

# Efnahagslægðin nú minni en árið 1968



Helgi Magnússon  
formaður SI

**Sú niðursveifla** sem íslenska hagkerfið varð fyrir árið 1968 var mun dýpri en efnahagslægðin sem nú er hafin. Þá dundi á þjóðinni aflabrestur og verðfall afurða og landsframleiðsla minnkaði meira en gert er ráð fyrir í þessari niðursveiflu, sem er sú níunda í íslenskum efnahagsbúskap frá árinu 1940. Þetta kemur fram í grein Helga Magnússonar, formanns Samtaka iðnaðarins, sem birt var í Fréttablaðinu.

Helgi telur að þjóðarbúið sé betur undirbúið til að takast á við þessa niðursveiflu en þær fyrri að því leiti að stöðir atvinnulífsins séu á breiðari grunni en áður. Útflutningur sé til dæmis mun fjölbreyttari en árið 1968 þegar útflutningur landsmanna var nánast eingöngu í sjávarútvegi.

„Íslendingar hafa reynslu af áföllum í efnahagslífinu. Við höfum ávallt unnið okkur út úr þeim,” segir Helgi í greininni og vísar í að þó það hafi tekið tíma, hafi það alltaf tekist.

Helgi fagnar vali á mönnum ársins hjá Markaði Fréttablaðsins, Viðskiptablaðinu


og Frjálsri verslun, sem allir koma úr iðnaði. Það eru forvígismenn Alcans í Straumsvík, Össurar og Marels en þau fyrirtæki hafa staðið fyrir farsælli starfsemi á erlendri grundu.

Evrópusambandið er Helga ofarlega í huga. Hann vitnar í grein Benedikts Jóhannessonar tryggingarstærðfræðings sem bendir á að þó svo að evra hefði ekki bjargað íslensku bönkunum frá falli, hefði hún forðað fjölda heimila og fyrirtækja frá því að fara í þrot. Þar vegi þyngst verðbólga, vextir, lán í erlendri mynt, eðlileg viðskipti við útlönd og sú staðreynd að útlendingar þyrftu ekki að óttast að festa fé hér á landi.

Að lokum fer Helgi yfir verðmætasköpun sem byggist á að nýta tækifæri til atvinnuuppbyggingar með kerfislagfæringum og endurbótum. En hann varar við að skaðleg peningamála- og vaxtastefna, gjaldyrishöft og hræðsla við Evrópusambandið muni halda áfram að gera hag fólks og fyrirtækja verri.

Grein Helga má sjá í heild sinni á vef Samtaka iðnaðarins [www.si.is](http://www.si.is).

**Hagsveiflur á Íslandi 1940-2013**  
mælt sem frávik frá langtímaleitni landsframleiðslu



Heimild: Hagstofa Íslands, IMF og útreikningar SI

## Viðskiptasambönd byggð upp á netinu

**LinkedIn** er netsamfélag tugmilljóna manna í viðskipta- og atvinnulífi. Í stað dægurmála eru fagleg mál til umræðu. Fólk setur inn upplýsingar um reynslu og fyrri störf, ferilskrá, meðmæli og annað sem skiptir máli í faglegu tilliti. Þátttakendur koma sér upp vinahópi, líkt og á fésbókinni og hafa þá aðgang að þeirra vinum og að nokkru leiti að vinum þeirra. Þannig verður netverkið auðveld-



lega tugir þúsunda eða milljónir.

Netsamfélag sem byggir á faglegu og viðskiptalegu tengslaneti getur nýst fyrirtækjum og einstaklingum í markaðssetningu. Hjörtur Smáráson hjá Scope Communications hélt kynningu á netsamfélaginu á aðalfundi Samtaka íslenskra líftækniyrirtækja á dögunum. Þar fór hann meðal annars yfir hvernig hægt er að byggja upp viðskiptasambönd og mynda ný á vefnum.

Mikilvægur þáttur LinkedIn eru fyrirspurnir sem eru gagnlegar til að búa til sambönd og koma sér á framfæri. Þátttakendur senda út fyrirspurnir um ýmis mál og þeir sem svara stimpla sig inn sem sérfræðinga á viðkomandi sviði. Þetta er einnig gagnleg leið til að finna aðila sem eru vel að sér á vissum sviðum og svo auðvitað til að fá brennandi spurningum svarað. Allt er þetta opið svo fólk vandar sig og svörin eru að jafnaði mjög góð. Myndaðir eru hópar um málefni og svið og hægt er að nálgast fólk með tiltekna þekkingu og bakgrunn.

Segja má að LinkedIn sé ódýr og öflug leið til að mynda ný viðskiptasambönd og byggja upp eldri, nú þegar fyrirtæki þurfa að huga að ráðdeildarsemi.



## Netþjónabú skapa fjölda atvinnutækifæra

**Miðað** við hverja raforkueiningu sem netþjónabú þurfa til reksturs, gætu þau skapað fjölda atvinnutækifæra hér á landi. Þetta kom fram í ítarlegu svari iðnaðarráðherra við fyrirspurn Ármanns Kr. Ólafssonar þingmanns um störf í orkufrekum iðnaði.

Allt að 2,4 bein störf gætu myndast fyrir hvert Megawatt af raforku til móts við eitt í áliðnaði. Tæplega tvö bein störf skapast í járnblendri og eitt og hálf við kísilvinnslu. Séu afleidd störf tekin með í reikninginn skapast tvö störf aukalega á hvert Megawatt í áliðnaði.

Tvö dæmi eru tekin af fyrirhuguðum gagnaverum. Við upphaf gagnavers á Suðvesturlandi sem nýtti allt að 25 MW rafafli gæti þurft 30 - 60 fasta

starfsmenn, þar af allt að 2/3 háskóla- eða fagmenntað á sviði rafeindatækni, rafmagnsfræði, vélfræði, kerfisfræði og tölvunarfræði. Bein störf á hvert MW yrðu 1,2 - 2,4. Væru bein og afleidd störf talin væri fjöldinn 2,4 - 4,8 á hvert MW.

Í svari iðnaðarráðherra er bent á að áhugi sé fyrir að reisa mörg gagnaver víða um landið. Hvert þeirra myndi þurfa 10-15MW rafafli sem þýddi 1,3 - 1,5 störf á hvert MW. Með afleiddum störfum yrðu þau 2,7 - 3,0. Tekið er fram að erfitt sé að meta fyrirfram fjölda starfsmanna og tekið dæmi frá Bandaríkjunum þar sem störf við gagnaver eru mun fleiri en reiknað sé með hér á landi, eða um 4,8 - 6,5 störf á hvert MW.

## Microsoft opnar BizSpark fyrir íslenskum sprotafyrirtækjum

**Aðgangur** íslenskra sprotafyrirtækja að BizSpark, nýju átaksverkefni Microsoft, getur skipt fyrirtæki miklu máli, ekki síst eins og staðan í íslensku atvinnulífi er nú. Þetta segir Haraldur Nelson forstöðumaður upplýsingatækni- og Samtaka iðnaðarins um BizSpark, nýtt átaksverkefni Microsoft, sem miðar að því að aðstoða sprotafyrirtæki í hugbúnaðargeiranum að koma undir sig fótunum.

Með skráningu fá fyrirtæki frían aðgang að fjölbreyttu úrvali Microsoft hugbúnaðar, þróunartólum auk stuðnings frá samstarfsaðilum Microsoft. Aðgangur að tengslaneti BizSpark auðveldar fyrirtækj-



um að finna mögulega fjárfesta, viðskiptavini og samstarfsaðila á alþjóðamarkaði. Í framtíðinni veitir verkefnið einnig aðgang að tölvuskýinu Azure.

BizSpark hefur vakið mikla athygli en einungis fyrirtæki á stærstu markaðssvæðum Microsoft höfðu fengið aðgang. Vegna mikils áhuga á Íslandi, stóruaknum áhuga á nýsköpun og erfiðra aðstæðna í atvinnulífi hér á landi var ákveðið að veita Íslandi flýtimeðferð.

Fjárfestingarsjóðurinn Frumtak og

Samtök upplýsingafyrirtækja SUT fyrir hönd Samtaka iðnaðarins hafa tekið að sér að skrá sprotafyrirtæki og veita aðstoð og ráðgjöf. Fleiri fyrirtæki sem starfa að nýsköpun hafa lýst áhuga.

Eggert Claessen framkvæmdastjóri Frumtaks segir að framtakið sé vel þegið. Miklu skipti að léttu fyrirtækjum róðurinn þar sem fyrstu ár sprotafyrirtækja séu gjarnan mjög erfið.

Fyrirtæki þurfa að starfa við hugbúnaðarhönnun, vera einkarekin, hafa verið starfrækt innan við þrjú ár og velta þarf að vera innan við eina milljón bandaríkjadala á ári.



## Þórólfur Árnason kjörinn formaður SUT



**Þórólfur** tekur við af Eggerti Claessen sem var formaður Samtaka upplýsingatæknifyrirtækja síðastliðin tvö ár.

Á aðalfundi SUT var meðal annars farið yfir stöðu fyrirtækja í greininni í tengslum við núverandi árferði. „Menn eru auðvitað hugsi yfir stöðunni, en binda vonir við að upplýsingatæknifyrirtækin komi sterk út úr þeim þrengingum sem nú ríða yfir íslenskt efnahagslíf,“ segir Þórólfur Árnason nýkjörinn formaður.

Samtök upplýsingatæknifyrirtækja eru starfrækt innan SI en í SUT eru um fimmtíu fyrirtæki með á annað þúsund starfsmönnum.


## Einar Mäntylä endurkjörinn formaður SÍL

**Breytingar** urðu á stjórn Samtaka íslenskra líftækni-fyrirtækja, SÍL, á síðasta aðalfundi. Þá gekk Jóhannes Gíslason framkvæmdastjóri Genís í stjórnina í stað



Snorra Þórissonar, framkvæmdastjóra Rannsóknarþjónustunnar Sýnis, sem hefur setið í stjórn frá upphafi. Einar Mäntylä hjá ORF Líftækni var endurkjörinn formaður en Jakob K. Kristjánsson, framkvæmdastjóri Prókatín situr áfram í stjórn.

## Þróun launa og kaupmáttar 2001-2008



Heimild: Hagstofa Íslands

Síðustu ár hafa einkenst af miklum launahækkunum án þess þó að það hafi skilað sér í tilsvareandi aukningu á kaupmáttar. Mikil verðbólga skýrir muninn. Síðastliðið ár hefur kaupmáttur minnkað jafnt og þétt er nú sambærilegur við ársbyrjun 2005. Horfur eru á að áfram muni draga úr kaupmátti á árinu 2009.

Sagan kennir okkur að eina farsæla leiðin til að verja kaupmátt er að vinna draga úr verðbólgu. Því skiptir miklu að hemja gengi krónunnar og einnig að komandi endurskoðun kjarasamninga taki mið af stöðu fyrirtækja í landinu efnahagshorfum næsta árið.

Hagtölur iðnaðarins 2009

## Ný ofurtölva CCP getur þjónað milljón notendum

**Íslenska tölvuleikjafyrirtækið** CCP sem hannaði og rekur hinn vinsæla EVE Online tölvuleik hefur tekið upp nýja ofurtölvutækni frá Microsoft. Windows Microsoft HPC Server 2008 gerir fyrirtækinu kleift að hafa eina milljón notenda í leik sínum EVE Online. Nú eru notendur 300 þúsund. Á vef Microsoft í Bandaríkjunum er greint ítarlega frá fyrirtækinu og notkun þess á nýja kerfinu.

Með áframhaldandi vexti og væntanlegri fjölgun notenda hefur fyrirtækið ákveðið að taka í notkun ofurtölvutækni, meðal annars til að auka afköst.

„Við erum í raun að tala um að skipta um dekk kappakstursbíls á meðan hann er á ferð, frekar en að bíða eftir

viðgerðarstoppi,“ segir Jon-Carlos Mayes, forstjóri upplýsingatækni CCP. Metfjöldi þeirra sem geti spilað EVE Online á sama tíma núna sé rúmlega 40 þúsund manns. Markmiðið sé að koma þeirri tölu upp í 100 - 200 þúsund hið minnsta.

Þá er vitnað í Halldór Fannar Guðjónsson, yfirmann tæknimála hjá fyrirtækinu, sem segir fyrirsjáanlegt að notendahópurinn stækki umtalsvert. Stjórnin þurfi því að vera betri; „Fólk segir að þetta sé ógerlegt, en við segjum að þangað ætlum við.“

Microsoft birtir einnig skjal með ítarlegum upplýsingum um CCP og myndskleið með viðtölum við nokkra aðila sem tengjast verkinu.

Vefsetur SI  
www.si.is



## Félagsfundur SI hjá MIH í Hafnarfirði

**Hafnfirskir** iðnmeistarar vilja að stjórnvöld grípi sem fyrst til aðgerða á mannvirkjasviði. Þeir bíða eftir útspili stjórnvalda í mannaflsfrækum viðhaldsverkefnum. Á fjölmennum hádegisverðarfundum SI með iðnmeisturum í Hafnarfirði ræddi Jón Steindór, framkvæmdastjóri SI ástandið í íslensku atvinnulífi og aðgerðir Samtakanna við því. Fundarstjóri var Friðrik Ágúst Ólafsson, framkvæmdastjóri MIH.

Framkvæmdastjórinn lagði áherslu á að til styttri og lengri tíma væri stöðugleiki aðalatriðið. Við þyrftum að byggja upp orðspor okkar, móta fjölbreytilega atvinnustefnu og laða að erlenda fjárfesta. Fundarmenn lýstu yfir áhyggjum af ástandi í byggingariðnaðinum. Upplýsingar um fjölda óseldra bygginga sárvantaði. Friðrik upplýsti að unnið væri í málinu.

Fundarmenn hvöttu Samtök iðnaðarins til að vinna þétt með sveitarfélögum við þarfagreiningu á viðhaldsverkefnum.

## Mikill hugur á Akureyri þrátt fyrir þrengingar

**Fjölmargar** hugmyndir og ábendingar um tækifæri vegna alvarlegra efnahagsþrenginga komu fram á fundi með aðilum úr viðskiptalífnum á Akureyri. Samtökin í samvinnu við Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar og Akureyrarstofu boðuðu til fundarins. Markmiðið var að ræða á jákvæðan hátt stöðu athafnalífsins og draga fram möguleg tækifæri sem falist gætu í stöðunni. Hugmyndir fundarmanna snerust annars vegar um það sem hægt er að gera í stöðunni og hins vegar um verkefni sem eru líkleg til að styrkja og efla svæðið til lengri tíma.

Áhersla er lögð á að opinberir aðilar forgangsraði verkefnum sér í lagi mannfrekum verkefnum og þau sem fela í sér innlenda kostnað. Ferðabjónusta eflid og áhersla lögð á innlenda framleiðslu.

Þátttaka fór fram úr vonum en rúmlega 70 manns mættu. Þar kom einnig fram að ýmis fyrirtæki hafa þegar brugðist við og sett í gang verkefni sem að þessu líta.



## Stuðningur við álver fer vaxandi

**Rúmlega** 78% telja álver á Íslandi hafa mjög eða frekar jákvæð áhrif á efnahag samkvæmt könnun sem Capacent Gallup gerði fyrir Alcoa Fjarðaál í október. Rúmlega átta prósent eru neikvæðir eða

mjög neikvæðir. Tæplega 60% aðspurðra segjast hafa jákvæð viðhorf til fyrir-tækisins en neikvæðir eru rúmlega 18%. Nánari niðurstöður er að finna á [www.si.is](http://www.si.is).

## Helguvík skapar 2.500 manns vinnu

**Fjárfestingarsamningur** vegna álvers í Helguvík verður staðfestur samkvæmt því sem Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra sagði í grein í Fréttablaðinu. Þetta telur ráðherra að muni skapa rúmlega 2.500 manns vinnu á byggingartíma á sama tíma og efnahagslæðin er dýpst og atvinnuleysið mest. Þar á eftir muni 650 manns starfa í álverinu en afleidd störf verði rúmlega eitt þúsund.

Össur segir í greininni að um sé að ræða skjótvirka leið til að draga úr tímabundnu atvinnuleysi fjölmargra iðnaðarmanna, byggingarverkfólks, verkfræðinga og arkitekta. Ákvörðunina hafi hann tekið undir lok síðasta árs. Fimm erlendir bankar muni í framhaldinu veita lán til framkvæmda við allt að 360 þúsund tonna álver.

Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra mun ekki vera ósátt við ákvörðun iðnaðarráðherra eftir því sem fram kemur í Fréttablaðinu. „Við þurf-

um að horfast í augu við þá erfiðu staðreynd að Ísland hefur ekki það lánstraust sem það hafði áður og þá þurfum við að beita sértækum aðgerðum.“

Jón Steindór segir það gleðilegt að nú leggist allir á eitt við að hrinda

*„Okkur er nauðsynlegt að auka vöxt og verðmætasköpun í landinu til skamms og langs tíma. Álverið í Helguvík verður mikilvægur áfangi á þeirri leið.“*

verkefninu í Helguvík af stað. „Okkur er nauðsynlegt að auka vöxt og verðmætasköpun í landinu til skamms og langs tíma. Álverið í Helguvík verður mikilvægur áfangi á þeirri leið.“



# Tækniskólinn

## Í fararbroddi við útskrift 150 nemenda



Meistaraskólinn



Verðlaunahafar 2008

**Tækniskólinn – skóli atvinnulífsins** ætlar að vera í fararbroddi skóla í endurveisni atvinnulífsins og bjóða fjölda úræða fyrir þá sem vilja og þurfa tækifæri til menntunar. Þetta sagði Baldur Gíslason skólameistari þegar 150 nemendur voru útskrifaðir við hátíðlega athöfn í Hallgrímskirkju föstudaginn 19. desember.

Útskrifað var úr fjórum undirskólum

Tækniskólanum, Byggingartækniskólanum, Endurmenntunarskólanum, Hönnunar- og handverksskólanum og úr Vél-tækniskólanum.

Skólameistari sagði einnig að nemendur sem útskrifuðust úr skólanum með þekkingu á hönnun, sköpun og handverki væru fólk framtíðarinnar. „Þessir einstaklingar eru oft með mikla frumkvöðlahæfileika og hafa sýnt að þeir eru duglegir

að skapa sér störf í samræmi við menntun sína.“

Jón B. Stefánsson, annar tveggja skólameistara, flutti einnig ávarp sem og Jón Steindór, framkvæmdastjóri SI og formaður stjórnar Tækniskólans.

Alls voru 19 viðurkenningar veittar við útskriftina, þar af ein frá Samtökum iðnaðarins fyrir góðan námsárangur.



### Fimmþúsund manns hafa atvinnu tengda áliðnaði

Bein og óbein atvinna af álbræðslu og vinnslu járnblendis sér á sjötta þúsund manns fyrir lífibrauði hér á landi. Þetta kom fram hjá Össuri Skarphéðinssyni á Alþingi um störf í orkufrekum iðnaði.

Fastir starfsmenn álveranna þriggja eru 1385 og 17% þeirra eru með háskólamenntun. Rio Tinto Alcan í Straumsvík framleiðir 184 þúsund tonn á ári, álver Norðuráls á Grundartanga 260 þúsund tonn og Fjarðarál í Reyðarfirði framleiðir 346 þúsund tonn á ársgrundvelli. Afleidd störf í iðnaðinum eru talin vera í það minnsta 2.800. Allt í allt hafa því tæplega 4.200 manns atvinnu af áliðnaðinum.

Elkem á Grundartanga framleiðir 140 þúsund tonn af kísiljárn og tengdum afurðum á ári. Í verksmiðju Elkem starfa 200 manns, þar af 20% með háskólamenntun. Afleidd störf af þeirri starfsemi eru talin um 500.

## Hversu mikil næring er hæfileg?

Þetta merki gefur upplýsingar um orkuinnihald í einum skammti af þessari tilteknu vöru

Í þessu dæmi inniheldur hver skammtur 226 hitaeiningar (HE)

Þetta er hlutfall af daglegri orkuþörf sem einn skammtur af vörinni gefur.

Í þessu dæmi gefur skammturinn 11% af daglegri orkuþörf (2000 HE)  
 $226/2000 \times 100 = 11\%$

Hitaeiningar

226

11%

Hver skammtur inniheldur

Sykur

17,4g

19%

Fita

2,8g

4%

Mettuð fita

1,4g

7%

Salt

0,3g

5%

af leiðbeinandi dagskammti

**Matvælaframleiðendur** vilja koma skilaboðum um innihald „varasamra“ næringarefna á framfæri á jákvæðan hátt. Nú hafa svokallaðar GDA merkingar á matvælum rutt sér til rúms í Evrópu og sjást nú í auknum mæli hér á landi.

GDA stendur fyrir Guideline Daily Amounts eða leiðbeinandi dagskammt. Merkingarnar segja til um hversu hátt hlutfall af því magni efna, sem opinberar ráðleggingar telja að neyta megi daglega af orku, salti, syki og fitu, er í vörinni. Þrátt fyrir að þessi efni séu óheppileg í of miklu magni eru þau nauðsynleg líkamnum í hæfilegum skömmtum. GDA getur einnig gefið upplýsingar um önnur efni sem hafa á sér betra orð eins og prótein, kolvetni og trefjar.

Gildin byggja á nýjustu skráðum upplýsingum um næringarþörf og ráðlagða neyslu næringarefna og eru meðaltöl af álitinni neysluþörf heilbrigðra einstaklinga af báðum kynjum í eðlilegri líkamspýngd. Miðað er við 2000 hitaeiningar á dag fyrir konur og 2500 fyrir karlmenn

### Leiðbeinandi dagskammtur fullorðinna

Orka	2000 kcal (hitaeiningar)
Heildarfitu	70 g
Mettuð fita	20 g
Kolvetni	270 g
Heildarsykur	90 g
Prótein	50 g
Trefjar	25 g
Natríum (Salt)	2.4 g (6g)

og GDA reiknað sem hlutfall af þeirri orku. Ef ekki er gerður greinarmunur á neyslu karla og kvenna er miðað við 2000 hitaeiningar.

GDA er gefið upp fyrir skilgreindan skammt af viðkomandi vöru, en ekki magn í 100 g eins og hefðbundnar næringargildismerkingar gera. Matvælaframleiðendur í Evrópu hafa komið sér saman um að nota gildin í töflunni sem viðmiðunargildi fyrir hvert næringarefni. Hún sýnir leiðbeinandi dagskammt fullorðinna miðað við 2000 hitaeininga orkuneyslu á dag.

Ragnheiður Héðinsdóttir



# Útboðsþing

## Verklegar framkvæmdir 2009

Kynningarfundur um verklegar framkvæmdir ársins verður haldinn föstudaginn 30. janúar kl. 13:00 til 17:00.

Gefið verður út yfirlit yfir öll helstu útboð verklegra framkvæmda á vegum ríkisins, Reykjavíkurborgar, Hafnarfjarðar og Kópavogsbæjar.


Kynntar verða framkvæmdir þeirra opinberu stofnana sem mest kveður að á útboðsmarkaði.

Verktökum og öðrum gefst á fundinum einstakt tækifæri til að skyggnast inn í verkefnaframboð ársins.

Fundurinn verður haldinn á **Grand Hótel Reykjavík** og er opinn öllum áhugamönnum um verklegar framkvæmdir.



Samtök iðnaðarins - www.si.is



## Ístak lagst í víking

**Verktakafyrirtækið** Ístak leitar nú verkefna í auknum mæli á erlendri grundu. Fyrirtækið mun hefja verklegar framkvæmdir við 6.000 fermetra skóla í Nuuk í Grænlandi í mars. Mánuði síðar hefst vinna við virkjun í norðurhluta Grænlands sem hafist var handa við síðastliðið sumar. Um 80 Íslendingar munu starfa við verkefnið í Grænlandi.

Loftur Árnason, framkvæmdastjóri Ístaks, segir markaðinn hér á landi algjörlega dauðan. Þess vegna leiti fyrirtækið á erlenda markaði og bjóði nú í verk í nágrannalöndunum Grænlandi, Færeyjum og Noregi.

Ístak hóf byggingu neðanjarðarvirkjunar skammt frá Sisimiut í norðurhluta Grænlands á síðasta ári. Vinna liggur niðri yfir vetrarmánuðina, en hefst aftur eftir páska og lýkur næsta haust. Á milli 40 og 50 Íslendingar unnu við virkjunina síðastliðið sumar. Loftur segir íslenskt starfsfólk við erlend verkefni að mestu starfsfólk fyrirtækisins. Þó gæti þurft að bæta við einhverjum starfsmönnum vegna þessara verkefna.

## Óvissu um framtíðina eytt

Ekki var vitað með vissu um framtíð nýja fjárfestingarsjóðsins Frumtaks eftir fall



**Frumtak**

2007-2009 til að fjárfesta í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum.

Finnbogi Jónsson,

framkvæmdastjóri NSA og stjórnarformaður Frumtaks segir að niðurstaðan sé ánægjuleg. „Við vitum af mörgum áhugaverðum sprotum og það er alveg ljóst að einhverjir þeirra geta orðið að mjög öflugum fyrirtækjum.“

Rekstur Frumtaks hófst undir lok síðasta sumar þegar Dr. Eggert Claessen var ráðinn framkvæmdastjóri sjóðsins. „Nú verður hægt að halda áfram þeirri vinnu sem þegar var hafin við að skoða vænlega fjárfestingakosti,“ segir Eggert, en engar ákvarðanir voru teknar vegna óvissu í kjölfar bankahrunsins. Fjölbreyttar viðskiptahugmyndir sem hann hafi skoðað veki bjartsýni og bjóði upp á mikil tækifæri til atvinnu og tekjusköpunar. „Það eru því spennandi tímar framundan.“

Íslensku bankanna í október. Nú hefur þeirri óvissu verið eytt og hlutfjárframlag viðskiptabankanna tryggt, en það lækkar úr 500 milljónum á hvern banka í 300. Upphaflega var gert ráð fyrir að stærð sjóðsins yrði 4.650 milljónir króna. Í tilkynningu Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, NSA, kemur fram að hlutur hans og lífeyrissjóðanna er óbreyttur og verður heildarstærð sjóðsins því 4.050 milljónir króna.

Frumtak var stofnað af Nýsköpunarsjóði, gömlu bönkunum þremur og sex lífeyrissjóðum síðastliðið sumar. Gerður hefur verið samningur milli fjármálaráðuneytisins og NSA sem tryggir að NSA fái fjármuni sem ákveðið var að veita sjóðnum á Alþingi árið 2005. Um var að ræða 1.500 milljónir á árunum



## Umsagnir um þingmál og lög

Á hverju ári berast Samtökum iðnaðarins fjöldi þingmála, sem og mála frá ráðuneytum, til umsagnar. Allar umsagnir Samtakanna eru birtar á vef SI. Í þeim má sjá umsagnarferlið í heild sinni, hvenær málin bárust SI, ábyrgðarmann þess og afgreiðsludag.